

## Námskeið í reiðmennsku

Líkt og undanfarin sumur verður Ástirningum boðið upp á námskeið í reiðmennsku. Hestaleigan Active North í Kelduhverfi (activenorth.is) sér um námskeiðin og eru þau í Ásbyrgi.

Námskeiðin í boði eru tvö, annars vegar byrjendanámskeið og hins vegar framhaldsnámskeið fyrir þá sem sóttu byrjendanámskeið í fyrra eða hafa sambærilega reynslu. Byrjendanámskeiðið kostar 4.500 kr. og framhaldsnámskeiðið kostar 7.500 kr. Námskeiðin eru tveggja klst. löng.

Þau börn sem hafa sótt byrjendanámskeiðið eða sambærileg námskeið gefst kostur á því að leigja hest á hestaleigunni og fara með leiðbeinendum þeirra í útreiðartúr. Hver útreið er ein klst. og kostar 5.500,- kr.

Ef barnið hefur áhuga á námskeiði eða útreið, þá er best að setja pening í umslagið með útbúnaðarlistanum, sem afhendist við brottför til Ástjarnar.

Námskeiðin og útreiðin er ekki beinn liður í dagskrá Ástjarnar, en starfsfólk Ástjarnar sér um að koma börnunum á milli staða. Það tekur innan við 5 mín. að aka frá Ástjörn að hestaleigunni í Ásbyrgi.

Misjafnlega getur viðrað þegar farið er á hestbak, þess vegna er nauðsynlegt að vera vel útbúinn: Regnfatnaður, síðar nærbuxur, hlý peysa, vettlingar, eyrnaband (undir hjálminum), stígvél og ullarsokkar er alveg nauðsynlegur útbúnaður. Hestaleigan útvegar hjálma.



Við mælum með því að þið gerið LIKE á FB-síðuna okkar [facebook.com/astjorn](https://www.facebook.com/astjorn) til þess að geta fylgst betur með þegar nýjar myndir birtast þar.

Sjá einnig myndbönd á [youtube.com/astjorn](https://www.youtube.com/astjorn) og föndurhugmyndir á [pinterest.com/astjorn](https://www.pinterest.com/astjorn)



**Sumarbúðirnar Ástjörn:** Kelduhverfi · 671 Kópasker · Sími 465 2262  
Heimasíða: [astjorn.is](http://astjorn.is) · Netfang: [astjorn@gmail.com](mailto:astjorn@gmail.com) ([astjorn@astjorn.is](mailto:astjorn@astjorn.is))  
Kt. 580269-0609 · Reikn.nr. í Landsbanka Íslands 0162-26-18363

**Skrifstofa á Akureyri:** Laufásgötu 9 · Pósthólf 418 · 602 Akureyri · Sími 462 3980  
**Sumarbúðastjóri:** Árni Hilmarrsson · Sími 860 2262

**Bréf til foreldra**  
**Geymið þetta bréf!**  
**2. flokkur: 6-12 ára**  
**28. júní - 6. júlí**

### Kæri verðandi Ástirningur, kærur foreldrar!

Í þessu bréfi, sem er sent vegna tilvonandi dvalar barnsins við Ástjörn sumarið 2018, eru flestar nauðsynlegar upplýsingar. Lesið bréfið vandlega (einnig aðgengilegt á [astjorn.is/gogn](http://astjorn.is/gogn)).

### Hvað þarf að gera núna?

Athugaðu fyrst, hvort þú hafir fengið alla nauðsynlega pappíra. Fyrir utan þetta bréf áttu að hafa fengið:

- **Greiðsluseðil** (birtist í heimabanka) til að greiða dvalargjaldið (nema þeir sem greiða með greiðslukorti). Þar af eru 5000 kr. óafturkræfar en eru annars hluti af dvalargjaldinu.
- **Upplýsingaseðil**. Best væri að fylla hann út rafrænt á slóðinni: [astjorn.is/gogn](http://astjorn.is/gogn) a.m.k. viku áður en barnið kemur. Einnig hægt að handskrifa og senda í pósti.
- **Útbúnaðarlista** ásamt umslagi. Afhendist starfsmanni Ástjarnar við rútu á Akureyrarflugvelli eða við Ástjörn.

Ef eitthvað er óljóst, þá eru upplýsingar veittar hjá Árna og Magnúsi í síma 462-3980 og 862 3980 á skrifstofu Ástjarnar á Akureyri og við Ástjörn í síma 465 2262.

### Í tíma fyrir brottför

Margt þarf að athuga áður en farið er til Ástjarnar. Þeim börnum, sem eiga við einhvers konar veikindi að stríða, skal fylgja læknavottorð, þar sem fram komi hvers eðlis veikindi barnsins eru og fyrirmæli gefin um meðferð, lyfjagjöf o.s.frv.

Við Ástjörn eiga allir sitt númer, svokallað fatanúmer. Númer barnsins hefur verið skrifað á upplýsingaseðilinn. Það er mjög **mikilvægt** að merkja allan farangur með númeri barnsins; fatnað, leikföng, bækur o.s.frv. Notið sérstakan fatatússpenna sem þolir þvott. *Artline 750 Marker For Laundry* er t.d. mjög góður penni. Merkið líka fötin sem barnið kemur í. Athugið að **merkja vel töskur með nafni og númeri barnsins**, en ekki t.d. foreldra.

**Ef hætt er við dvöl af einhverjum ástæðum, vinsamlegast látið þá strax vita, svo hægt sé að nýta plássíð.** Ef minna en ein vika er eftir þar til dvöl á að hefjast, og þá hætt við dvöl fyrirvaralaust, ber að greiða 50%.

# Brottfarardagurinn

Mæting í rútu Ástjarnar er á Akureyrarflugvelli kl. 13:30 og brottför með rútnni um kl. 14, fimmtudaginn 28. júní.

## Flug: Reykjavík–Akureyri:

Ástjörn á frátekin sæti í flugvélinni. Bókið flugið tímanlega á vefsíðu Ástjarnar: [astjorn.is/flug](http://astjorn.is/flug)

Sumarbúðafargjald Rvík–Ak.–Rvík fyrir barn á leið til Ástjarnar kostar 18.195 kr. fyrir 6-11 ára (9.098 kr. aðra leið.) og 25.705 kr. fyrir 12 ára (12.853 kr. aðra leið.) Nánari upplýsingar um greiðslu flugfargjaldsins til Flugfélags Íslands er í tölvupósti sem berst eftir að pöntun hefur verið gerð. Fólk á vegum Ástjarnar eða flugfélagsins fylgir börnunum í flugvélinni. Flugvélin fer frá Reykjavík kl. 12:50 (mæting kl. 12:05). Það er mikilvægt að börnin hegði sér vel í flugvélinni.

## Barninu ekið til Ástjarnar:

Ef foreldrar vilja koma sjálfir með barnið þá er best að koma um kl. 16 til Ástjarnar. Það tekur um 2 klst. að aka frá Akureyri til Ástjarnar.

Við brottför skal skila meðfylgjandi umslagi lokuðu, merktu nafni og númeri barnsins. Í því á útbúnaðarlistinn að vera og einnig peningur, ef barnið ætlar á reiðnámskeið eða í útreiðartúr. Ef barn tekur með sér pening þá á hann að vera í umslaginu. Athugið, að börnin geta ekki verslað við Ástjörn. Þau börn, sem eiga við einhver veikindi að stríða, skila einnig læknavottorði í þessu sama umslagi.

Oft vilja foreldrar taka eitthvað fram við forráðamenn Ástjarnar. Erfitt er að taka við slíkum upplýsingum munnlega. Eru foreldrar hvattir til að skrifa slíkt á bakhlíð upplýsingaseðilsins eða senda tölvupóst á [astjorn@gmail.com](mailto:astjorn@gmail.com). Öll slík bréf eru meðhöndluð sem trúnaðarmál af forráðamönnum Ástjarnar.

## Dvölin við Ástjörn

Börnum við Ástjörn er skylt að hlýða öllum reglum heimilisins. Heimilið ber ekki ábyrgð á óviðráðanlegum slysum. Ef barn skemmir eitthvað viljandi þá verður það að bæta skaðann.

Að sjálfsgöðu er leyfilegt að hringja í og heimsækja börnin. Við mælumst þó til þess, að það sé ekki gert fyrstu fjóra dagana því allir þurfa tíma til að aðlagast nýju umhverfi. Forráðamenn Ástjarnar eru alltaf tilbúnir að ræða við ykkur um hvernig gengur o.s.frv. Einnig er hægt að senda börnunum tölvupóst á [astjorn@gmail.com](mailto:astjorn@gmail.com). Börnin hafa ekki aðgang að síma og þeim er ekki leyft að hafa farsíma og geta því ekki haft samband að fyrri bragði, en þau eru hvött til að skrifa heim og geta fengið bæði bréfsefni og frímerki ókeypis. Foreldrar og aðrir geta hringt í síma 465 2262 á símatíma dagana 2.-5. júlí kl. 10:30-12. Við hvetjum foreldra til að hringja sem fyrst þá, því mörg börn vænta símtals. Ef þú ert á leið í heimsókn, vinsamlegast hringdu fyrst.

Við viljum vekja athygli á því að tölvuspil eru ekki leyfð.

Ef þið sendið barninu pakka með t.d. blöðum eða leikföngum þá setjið ekkert sælgæti í pakkann, slíkt vekur oft ófund hinna barnanna, börnin fá sælgæti á ákveðnum dögum. Hægt er að senda pakka með pósti eða flutningabílum, sem fara til Ásbyrgis. Heimilisfang Ástjarnar í Kelduhverfi er fremst í þessum bæklingi.

## Heimferð

Sé ekki skýrt tekið fram á upplýsingaseðli hvernig heimferð skuli háttað, munum við hafa samband við ykkur, einnig ef framburði (eldri) barna og upplýsingaseðli ber ekki saman. Hægt er að koma og ná í barnið til Ástjarnar, sækja það í rútna á Akureyri eða við sjáum um að koma barninu í flugvél.

Ástjarnarrútan kemur á Akureyrarflugvöll kl. 11:45 föstudaginn 6. júlí.

## Flug: Akureyri–Reykjavík:

Ástjörn á frátekin sæti í flugvélinni. Bókið flugið tímanlega á vefsíðu Ástjarnar: [astjorn.is/flug](http://astjorn.is/flug)

Sjá verð o.fl. á vinstri síðu.

Brottför á flugi frá Akureyri er kl. 12:45 og landing í Reykjavík kl. 13:30. Fólk á vegum Ástjarnar eða flugfélagsins fylgir börnunum í flugvélinni suður.

## Barnið sótt til Ástjarnar:

Ef foreldrar sækja barnið sjálfir þá er best að koma ekki seinna en kl. 11 til Ástjarnar. Það tekur rúmlega 2 klst. að aka frá Akureyri til Ástjarnar.

## Eftir að heim er komið

Þegar barnið er komið heim er gott að fara yfir útbúnaðarlistann og athuga strax hvort einhvern farangur vanti. Sum fót týnast og úr öðrum dettur fatanúmersmerkingin. Flest finnst aftur og er sent í pósti í síðasta lagi í september/október. Sumt finnst aldrei og er það okkur eins mikil ráðgáta og ykkur. Í lok hvers flokks liggur eftir nokkuð af ómerktum fötum. Þeirra er hægt að vitja í síma 462 3980 eða senda fyrirspurn á [astjorn@gmail.com](mailto:astjorn@gmail.com). Mikilvægt er að hvetja barnið til að rækja það sem það lærði við Ástjörn. Foreldrar, það væri gott ef þið gæfuð ykkur tíma til að biðja kvöldbænirnar með barninu. Það er sannfæring okkar, sem vinnum við Ástjörn, að þannig getið þið líka styrkt samband ykkar og barnanna.

Ef eitthvað er enn óljóst hafið þá samband við okkur. Okkur er ánægja að því að hjálpa þér. Að lokum vonum við að barnið þitt eigi góða og eftirminnilega daga við Ástjörn í sumar.

Með bestu kveðju frá starfsfólki Ástjarnar!

Árni Hilmarsson  
sumarbúðastjóri